

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/863**  
**komudagur 7.12.2007**



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. desember 2007  
Tilvísun : 2007110051

Við er til bréf dags. 28. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, einkaréttarlegar kröfur, 41. mál.

Barnaverndarstofa telur mjög mikilvægan þann möguleika fyrir brotþola að koma að bótakröfum í tengslum við rekstur sakamáls, stofan tekur undir þau sjónarmið að frekar eigi að liðka fyrir þessu og tryggja að brotþoli geti skotið úrskurði um frávísun til Hæstaréttar. Fyrir Alþingi liggur núna viðamikið frumvarp til nýrra laga um meðferð sakamála þar sem einnig er að finna nýja útfærslu á málsmeðferð bótakrafna í opinberu máli. Óskað hefur verið umsagnar Barnaverndarstofu um það frumvarp og telur stofan réttara að koma með nánari athugasemdir við útfærsluna í tengslum við umfjöllun um XXVI. kafla í því frumvarpi

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir